

Dómsmálaráðuneytið
Sigríður Andersen
dómsmálaráðherra
Sölvhólsgata 7
101 REYKJAVÍK

Staða löggæslumála í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu

Á undanförunum árum hafa borgaryfirvöld haft vaxandi áhyggjur af stöðu löggæslumála í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Framlög til löggæslu á svæðinu hafa verið af það skornum skammti að draga hefur þurft úr löggæslu, þar á meðal í almennri löggæslu, eins og rekstraráætlun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir þetta ár ber með sér. Á sama tíma hefur þörfin fyrir aukna og sýnilega löggæslu aukist, meðal annars vegna gríðarlegrar fjölgunar ferðmanna sem nær allir staldra við um styttri eða lengri tíma í Reykjavík.

Nú þegar undirbúningur við nýtt fjárlagafrumvarp er í fullum gangi er ástæða til þess að hvetja dómsmálaráðherra til þess að huga sérstaklega að eflingu löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Skulu í því sambandi nefnd þrjú atriði.

Í fyrsta lagi er bráðnauðsynlegt að auka almenna, sýnilega löggæslu. Horfa þarf til þess að ferðamönnum hefur fjölgað mikið, umferð á höfuðborgarsvæðinu er vaxandi, haldnar eru stórar hátíðir víða um borgina á hverju ári sem draga að sér mikinn mannfjölda og svona mætti áfram telja.

Í öðru lagi er mikilvægt að lögreglan sé vel í stakk búinn til að fylgja eftir átaksverkefni gegn heimilisofbeldi og kynbundnu ofbeldi sem sett var í gang í samvinnu Reykjavíkurborgar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2014. Reykjavíkurborg hefur á þessum tíma sett umtalsverða fjármuni á hverju ári til þess að efla starfsemi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar meðan lögreglan hefur ekki fengið auknar fjárheimildir til þess að fylgja þessu mikilvæga verkefni áfram.

Í þriðja lagi er ótækt að auknar kröfur til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um þjálfun lögreglumanna leiði til þess að fækka þurfi um 15 stöðugildi lögreglumanna á svæðinu til að standa undir þeim kröfum á næsta ári, og eru þá ekki talin með sú fækkun lögreglumanna um 5 sem fyrirsjáanleg var á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt fjárlagafrumvarpi sem lagt var fram fyrr í haust. Samkvæmt því sem nú liggur fyrir er því framundan fækkun um 20 lögreglumenn sem vinda þarf ofan af. Mikilvægt er að fjölga lögregluþjónum umtalsvert á höfuðborgarsvæðinu á næsta ári, ekki fækka þeim, og treysti ég því að nýtt fjárlagafrumvarp beri þess merki.

Dagur B. Eggertsson

